

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Trölladalur 1-11, sorpskýli.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 18. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi Dalshverfis, 3. áfanga, skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að stök sorpskýli verða við hvert hús á lóð í stað eins sameiginlegs sorpskýlis á lóðinni. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vallargata 26, svalir.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 18. janúar 2025 breytingu á deiliskipulaginu Gamli bærinn í Keflavík skv. 2. mgr. 43. gr. og 1. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að komið er fyrir svölum á vesturhlíð hússins, sbr. uppdrátti Tækniþjónustu SÁ dags. 28. desember 2024. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hljómahöll, viðbygging.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 1. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi íbúðar- og þjónustusvæðis við Nesvelli skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í 152 m² stækkun á núverandi 1. hæð byggingar og mun viðbyggingin hafa sömu hæð útveggja og núverandi bygging, sbr. uppdrátti dags. 1. janúar 2025. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tjarnarbraut 36, stækkun á byggingarreit og aukið byggingarmagn.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 5. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi Tjarnarhverfis, 1. hluti, skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að byggingarreitur er lengdur um 1,5 m til suðurs og nýtingarhlutfall fer úr 0,19 í 0,22, sbr. uppdrátt i62 ehf. dags. 18. október 2024. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tjarnarbraut 38, stækkun á byggingarreit og aukið byggingarmagn.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 1. apríl 2025 breytingu á deiliskipulagi Tjarnarhverfis, 1. hluti, skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að byggingarreitur er lengdur um 1,5 m til suðurs og nýtingarhlutfall aukið úr 0,19 í 0,23, sbr. uppdrátt Eggerts Guðmundssonar dags. 16. janúar 2025. Breytingin öðlast þegar gildi.

Móavellir 1, 3 og 5.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 4. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi íbúðar- og þjónustusvæðis við Nesvelli skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingin felst í að heimilt verði að svalir fari 0,5 m út fyrir byggingarreit og að heimild sé fyrir kjöllumur undir húsum. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bergvegur 14, bílgeymsla í íbúð.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 21. janúar 2025 breytingu á deiliskipulaginu Grófin og Bergið skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að breyta bílgeymslu í íbúð og geymslu, sbr. uppdrátt tækniþjónustu SÁ dags. 16. desember 2024.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2025.

Haldóra F. Þorvaldsdóttir bærarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. maí 2025